




ENVALYS

Vesturbyggð - þverun Vatnsfjarðar - veglína F

Könnun á afstöðu fólks til veglínu F og framsetningar í þrívídd. Hugmyndir fólks um þverun Vatnsfjarðar.

Tilgangur Samgöngufélagsins er að stuðla að sem mestum framförum í samgöngum á og við Ísland.

Í tengslum við auglýsingu Aðalskipulags Vesturbyggðar 2018 - 2035, stóð félagið, í júní 2021, fyrir könnun um þverun Vatnsfjarðar í Vesturbyggð.

Í þessu skjali er að finna niðurstöður könnunar sem unnin var af fyrirtækinu ENVALYS að beiðni Samgöngufélagsins.

Engum persónugreinanlegum gögnum var safnað í þessari könnun.



Í hnotskurn – niðurstöður

- ▶ Niðurstöður könnunarinnar, sem byggja á gögnum frá 398 þátttakendum, sýna að:
 - ▶ Þátttakendur voru fremur hlynntir þverun Vatnsfjarðar.
 - ▶ Afstaða til þverunar var kynbundin. Karlar voru hlynntari þverun en konur.
 - ▶ Aldur þátttakenda hafði ekki áhrif á afstöðu til þverunar.
 - ▶ Afstaða til þverunar tók mið af búsetu. Íbúar á Vestfjörðum, utan Vesturbyggðar voru hlynntari þverun en íbúar utan Vestfjarða.
 - ▶ Þátttakendur töldu þrívíddarframsetninguna sem boðið var upp á nokkuð gagnlega.




Aðalskipulag Vesturbyggð 2018 - 2035 - endurskoðun aðalskipulags

Endurskoðuð tillaga að aðalskipulagi Vesturbyggðar - dags. apríl 2021 var auglýst 12. maí 2021.

Í kafla 7.1.1 Stofnvegir segir í skipulagsákvæði fyrir Vestfjarðaveg (60): “Fyrirhugað er að endurbyggja Vestfjarðaveg (60) um Dynjandisheiði, á kafla sem nær frá Hörgsnesi í Vatnsfirði, langleiðina að Mjólkárvírkjun í Borgarfirði.”

Í kafla 7.1.1 segir enn fremur: “Á skipulagsupphráttum er auðkennt núverandi stofnvegakerfi og fyrirhugaðar breytingar á stofnvegum.”

Á framlögðum aðalskipulagsupphrátti (1:75.000) - dags. apríl 2020 fer veglína um Vatnsfjörð fyrir fjarðarbotninn (sjá mynd hér til hliðar).



Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018 - 2035
Hluti af sveitarfélagsupphrátti
dags. apríl 2020



Vestfjarðarvegur – þverun Vatnsfjarðar – veglína F

Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar fyrir Vestfjarðaveg (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg (63) frá Bíldudalsvegi að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði í Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ er þverun Vatnsfjarðar - veglína F - sýnd með þeim hætti er kemur fram á myndinni hér til hliðar (sjá bls. 109).



Tilgangur könnunar

Tilgangur þessarar könnunar er tvíþættur:

1. **Að auðvelda hinum almenna borgara að taka upplýsta afstöðu** til þverunar Vatnsfjarðar miðað við veglínu F. Er það gert með gagnvirkri þrívíddarframsetningu.
2. **Afla upplýsinga um afstöðu hins almenna borgara** til hugmyndarinnar um þverun Vatnsfjarðar og hvernig hann sér fyrir sér að slík þverun yrði útfærð.



Könnun: Þrívíddarlíkön – forsendur/fyrirvari

Gerð vegarins í þrívídd var byggð á **upplýsingum sem finna má í Viðauka 1 með frummatsskýrslu - Fylgiskjal 17 - Þrívíddarmyndir**¹. Þá var leitað til Vegagerðarinnar varðandi hæð vegar yfir sjávarmáli.



¹ Sjá:

[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/60-34_36_mau_frummsk_vidauki_fylgiskj_17/\\$file/Vi%C3%B0auki%201_Fylgiskjal%2017_%C3%9Er%C3%ADv%C3%ADddarmyndir.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/60-34_36_mau_frummsk_vidauki_fylgiskj_17/$file/Vi%C3%B0auki%201_Fylgiskjal%2017_%C3%9Er%C3%ADv%C3%ADddarmyndir.pdf)

8 Aðferð könnunar: Efnisatriði

Könnunin samanstóð af fjórum hlutum:

1. **Öflun bakgrunnsupplýsinga** (þ.e. kyns, aldurs og búsetu). Þess var gætt að engum persónugreinanlegum gögnum væri safnað.
2. **Sjö staðsetningarpunktum sem sýndu upplifun á veglínu F frá ólíkum stöðum**. Allir punktarnir buðu upp á 360° upplifun. Staðsetningarpunktarnir voru valdir með það í huga að sem skýrust mynd fengist af legu veglínu, sjónrænum áhrifum hennar og upplifun vegfarenda.
3. **Könnun á afstöðu til fólks** til þverunar Vatnsfjarðar miðað við veglínu F. Þá var spurt um afstöðu til **prívíddarframsetningarinnar** og **þverun Vatnsfjarðar almennt séð**.
4. Opinni spurningu um **hugmyndir fólks um þverun Vatnsfjarðar**.



Aðferð könnunar: Staðsetning í umhverfinu

Hér má sjá skjáskot frá þeim sjö staðsetningarpunktum sem boðið var upp á í könnuninni. Á hverjum punkti gafst möguleiki á að líta í allar áttar (þ.e. 360° upplifun).



Aðferð könnunar: Fyrirlögn

Um var að ræða netkönnun þar sem þátttakendur gátu ýmist svarað gegnum farsíma eða tölvu.

Gagnasöfnun fór fram dagana 14. - 23. júní 2021 og var könnunin aðgengileg:

- ▶ Á heimasíðu Samgöngufélagsins.
- ▶ Á Facebook-síðu ENVALYS.
- ▶ Á Facebook-síðu Samgöngubætur á Vestfjörðum.
- ▶ Á Facebook-síðu Umræður um byggðapróun.
- ▶ Á fréttasíðu Bæjarins besta (www.bb.is)² þann 16. júní.
- ▶ Gegnum sérútbúinn tengil á forsíðu Bæjarins besta (www.bb.is).

Könnunin var öllum opin og gat hver sem er dreift könnuninni og hvatt til þátttöku, þannig að úr varð *snjóboltaúrtak*. Ekki liggja fyrir upplýsingar um endanlega dreifingu könnunarinnar. Í upphafi könnunar birtist síða þar sem stóð “*Taka þátt í rannsókn*” og þurftu þátttakendur að smella á hnapp til að opna könnunina.

² Sjá: <http://www.bb.is/2021/06/samgongufelagid-konnun-um-veglinu-i-vatnsfirdi/>



Aðferð könnunar: Spurningar

Í könnuninni voru eftirfarandi spurningar lagðar fram.

1. Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú þverun Vatnsfjarðar?
0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)
2. Hvernig líkar þér sú tillaga að þverun Vatnsfjarðar (veglína F) sem sett er fram í þessari könnun?
0 = líkar mjög illa; 3 = hvorki né; 6 = líkar mjög vel
3. Ef þú ert hlynnt(ur) þverun Vatnsfjarðar en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun (veglínu F), hvernig sæir þú þverun Vatnsfjarðar fyrir þér?
4. Heilt á litið finnst mér þessi þrívíddarframsetning ...
0 = algjörlega gagnslaus; 3 = hvorki né; 6 = mjög gagnleg



Aðferð könnunar: Úrvinnsla

Við úrvinnslu gagna var reiknað **meðaltal og staðalfrávik** fyrir hverja spurningu.

Ítarlegri úrvinnsla fól í sér að beita **t-prófi og einhliða dreifigreiningu** til að kanna tölfræðilega marktækan mun í afstöðu hópa eftir:

Kyni

Aldri

Búsetu

Eftirápróf Bonferroni var notað í þeim tilvikum þar sem tölfræðilega marktækur munur kom fram, til að greina hvar sá munur lægi.



Niðurstöður

Bakgrunnsbreytur

hverjir tóku þátt?


Þátttakendur Alls **398** einstaklingar luku >80% af könnuninni

Kynjahlutfall 20,6% konur
79,1% karlar
0,3% annað


Aldur 3,8% ≤25 ára
21,1% 26-45 ára
55,8% 46-65 ára
19,3% ≥66 ára

Búseta 13,3% í Vesturbyggð
42,2% Á Vestfjörðum, ekki í Vesturbyggð
44,5% Utan Vestfjarða


KYN



ALDUR




BÚSETA



1. Afstaða til þverunar Vatnsfjarðar

óháð kyni, aldri og búsetu




Heilt yfir voru þátttakendur fremur hlynntir hugmyndum um þverun Vatnsfjarðar.

Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú þverun Vatnsfjarðar?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



2. Afstaða til þverunar Vatnsfjarðar eftir kyni



Marktækur kynjamunur* kom fram í afstöðu til þverunar Vatnsfjarðar, þar sem karlar voru hlynntari þverun en konur ($t(113,09) = -3,541$ $p = 0,001$).


Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú þéttingu byggðar á Oddeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)

* ATH! Aðeins 1 einstaklingur var í hópnum "Annað". Hópnum var því sleppt í marktektarprófun.



2. Afstaða til þverunar Vatnsfjarðar eftir aldri




Ekki kom fram marktækur munur milli hópa.

Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú þéttingu byggðar á Oddeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



2. Afstaða til þverunar Vatnsfjarðar eftir búsetu




Íbúum á Vestfjörðum, utan Vesturbyggðar líkaði betur við þverun Vatnsfjarðar en íbúum utan Vestfjarða. Jaðarmarktekt kom fram í mun á afstöðu þessara tveggja hópa ($F(2, 395) = 2,883$ $p = 0,057$).

Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú þéttingu byggðar á Oddeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



3. Afstaða til gagnsemi framsetningar í þrívídd óháð kyni, aldri og búsetu



Heilt yfir töldu þátttakendur að sú þrívíddarframsetning sem boðið var upp á í könnuninni, væri nokkuð gagnleg.

Heilt á litið finnst mér þessi þrívíddarframsetning ...

0 = afar gagnslaus; 3 = hvorki né; 6 = mjög gagnleg



4. Hugmyndir að þverun Vatnsfjarðar

Svör þátttakenda #1

Ef þú ert hlynnt(ur) þverun Vatnsfjarðar en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun (veglínu F), hvernig sæir þú þverun Vatnsfjarðar fyrir þér?

- ▶ Ég er mjög hlynnt þessari þverun og ég treysti þeim sem myndi setja þetta upp frekar en skoðunum frá mér sem eru mögulega ekki nákvæmar.
- ▶ Flott eins og hún er.
- ▶ Þetta verður snjólétt.
- ▶ Ekki hlynnt.
- ▶ Hlynntur.
- ▶ Þegar núverandi vegur um Vatnsfjörð leggst af, verður sá vegur um leið að flottu útivistarsvæði með tilbúið bundið slitlag. Verður flott útivistarsvæði í framtíðinni þegar umferðin fer þar af. Sem mun styrkja Hótel Flókalund, sem er með umferðina í gegnum hlaðið eða við Rúmstokkin hjá Hótelgestunum í dag. Það er ekki spurning, þverun Vatnsfjörð og gerum gamla veginn að hjóla og göngu stíg og enga bílaumferð þar inn. Hægt væri að færa náttúrulaugina úr fjörunni og upp á bílastæðið og gera hana stærri og þá væri flott útsýni úr náttúrulauginni yfir Vatnsfjörð. Bílastæði við Hótel Flókalund mætti ef til vill fjölga, því gera ætti ráð fyrir því fólk á leið í náttúrulaugina myndi leggja bílum við Hótel Flókalund og labba þaðan í náttúrulaugina sem tekur kannski 3 til 5 mínútur að labba frá Hótel Flókalundi. Tækifærin í Vatnsfirði eru endalaus, tala nú ekki um ef umferðinni er komið út úr firðinum. Áfram Vatnsfjörður :)
- ▶ F3
- ▶ Engin þverun Vatnsfjarðar!!! Hættu að skemma náttúruna og útsýni í svona litlum firði.
- ▶ Notaðu peningana þar sem það er sannarlega þörf, ekki þar sem 2 mínútum er sparað heldur milljónum skattpeninga sóað.
- ▶ Sé þverun Vatnsfjarðar ekki fyrir mér. Á móti þverun.
- ▶ Að Flókalundur væri inní veglínunni. Er ekki hægt að hafa þverun vegarins innar í firðinum þannig að Flókalundur væri með.



4. Hugmyndir að þverun Vatnsfjarðar

Svör þátttakenda #2

Ef þú ert hlynnt(ur) þverun Vatnsfjarðar en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun (veglínu F), hvernig sæir þú þverun Vatnsfjarðar fyrir þér?

- ▶ Sé ekki fyrir mér hvernig hægt sé að þvera fjörðinn án þess að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins og upplifun gesta svæðisins. einkum þeirra sem þekkja svæðið. Nýir ferðamenn sem eru að heimsækja svæðið í fyrsta sinn munu ekki átta sig á því sem hefur tapast með þveruninni en þeir sem hafa þekkt svæðið og heimsótt það seinustu árin munu átta sig best á því.
- ▶ Innar.
- ▶ Enga þverun Vatnsfjarðar.
- ▶ Lengri brú og styttri fyllingu.
- ▶ Bæði hlynntur þverun og þessari veglínu F.
- ▶ Fyrir innan Flókalund.
- ▶ Ég vil veginn áfram á verandi vegstæði inn fyrir Vatnsfjörð.
- ▶ Ættu að vera 2 brýr eða amk þónokkur rör til að endurtaka ekki mistökin í Gilsfirði, sem eyðilagði flæðarnar í botni fjarðarins. Tryggja mun meira rými fyrir sjávarföllin.
- ▶ Þessi er fín.
- ▶ Leið F.
- ▶ Líst vel á þá tillögu sem borin er hér upp, fellur vel að landslaginu og er ekki of áberandi. Virðist stytta og einfalda leiðina töluvert.
- ▶ Hef áhyggjur af vatnaskilum í firðinum, sbr. Gilsfjarðarbrú/Gilsfjörður. Mér finnst þessi brú, eins lítið og sýnt er af henni, lítil-stutt.
- ▶ Út frá hönnunarlegum sjónarmiðum, þá er þessi veglína "frábær", hinsvegar geta verið önnur sjónarmið og þá gegn tillögu um þverun Vatnsfjarðar.
- ▶ Hvalfjörður varð að útivistarperlu við það að göng komu undir Hvalfjörð, allt svæðið á þessum í kringum Vatnsfjörð, Kjálkafjörð og fleiri firði ásamt Dynjandisheiði og Arnarfirði eru náttúruperlur.



4. Hugmyndir að þverun Vatnsfjarðar

Svör þátttakenda #3

Ef þú ert hlynnt(ur) þverun Vatnsfjarðar en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun (veglínu F), hvernig sæir þú þverun Vatnsfjarðar fyrir þér?

- ▶ Þverun Vatnsfjarðar er þáttur í bættum samgöngum ferðamanna sem og þeirra sem búa á slóðinni og annara sem eiga leið um hvort heldur sem er í atvinnuskyni eða til þess að njóta náttúruperla á Vestfjörðum.
- ▶ Engin ástæða til að þvera fjörðinn, núverandi veglína er fín.
- ▶ Veglína F2.
- ▶ Ég er andvíg veglínunum sem þvera fjörðinn.
- ▶ Mér þætti betra að nýta núverandi veglínu. Verið er að breyta landslagsheild og þverun hefur áhrif á ásýnd og lífríki fjarðarins.
- ▶ Ég er andvíg þverun.
- ▶ Ég er alfarið hlynntur veglínu 2, þar sem vegurinn liggur vestan megin við Pennu og losar umferð frá hlaðinu á Flókalundi.
- ▶ Þverun fjarða með aðalvegi í huga hafa gefist mjög vel á Íslandi frá því að gert var stórtækt átak í þeim efnum, sbr. Borgarfjarðarbrú. Verktækni hefur aukist mikið frá þeim tíma og ekki spurning um að þvera þar sem það er verkfræðilega hægt.
- ▶ Brúin er of stutt, ekki nægileg sjóskipti í firðinum.
- ▶ Hélt að veglínan yrði aðeins nær Pennu og þar með Flókalundi.
- ▶ Fínt.
- ▶ Það á ekki að þvera Vatnsfjörð, frekar en t.d. Þingvallavatn.
- ▶ Það er sáralítill ávinningur í þverun Vatnsfjarðar. Hinsvegar er náttúruleg ásýndarförn og tap á tilfinningu fyrir lítt snortnu landslagi, sem er aðall Vatnsfjarðar, það mikil að þverun væri glappaskot. Það opna víðerni, fjörur, flói og fjallasýn frá t.d. Flókalundi væri eyðilögð fyrir örfáa kílómetra og lítið í tíma og engum hættum forðað.
- ▶ Veglínan í þessari tillögu skerði upplifun þeirra sem stoppa í Flókalundi og útsýni úr náttúrulaug í Vatnsfirði verður eins skert með veglínu beint fyrir augunum í stað sjávarmálsins.



4. Hugmyndir að þverun Vatnsfjarðar

Svör þátttakenda #4

Ef þú ert hlynnt(ur) þverun Vatnsfjarðar en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun (veglínu F), hvernig sæir þú þverun Vatnsfjarðar fyrir þér?

- ▶ Við hönnun vegabóta í Vatnsfirði þarf að horfa til verndarsvæðis Breiðafjarðar og láta hagsmuni þess vega herra en hvort veglína styttest um nokkra kílómetra. Því myndi ég vilja sjá vegin fara sem mest eftir núverandi veglínu en hannaður m.t.t. nýjustu öryggisstaðla.
- ▶ Ég er andvígur þverun.
- ▶ Vil ekki neina þverun.
- ▶ Mjög sáttur við þessa veglínu.
- ▶ Leið F3.
- ▶ Engin þverun - þessi fjörður er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar og um hann gilda sérlög. Þverun væri skemmdarverk. Þá þurfa mannvirki að vera töluvert hærri en sýnt er á myndum að teknu tilliti til hækkandi sjávarstöðu.
- ▶ Það á bara alls ekki að þvera svona. Þetta spillir lífríki innan í firðinum og skemmir útsýnið. Ef það á að þvera þarf brúin sjálf líka að vera mun lengri svo almennilegt vatnsflæði getur verið í firðinum. Sjáið bara hvað gerðist í Kolgrafafirði fyrir nokkrum árum. Þúsundir tonna af síld dóu vegna súrefnisskorts í firðinum. Eitthvað sem hefði ekki gerst ef fjörðurinn hefði ekki verið þveraður.
- ▶ Vinsamlegast EKKI þvera Vatnsfjörðinn.
- ▶ Hlynntur og sáttur.
- ▶ Á ekki við.
- ▶ Ekki þverun.
- ▶ Þverun fjarða hefur alltaf talsverð neikvæð áhrif. Hins vegar óttast ég að röskun verði ekki minni ef ný veglína fylgir núverandi vegi að Vatnsdalsvatni. Sérstaklega vestan megin í firðinum, þar sem veglínan er nokkuð krókótt og mjó. Þar mun þurfa að brjóta talsvert land, en vegurinn verður af sama standard og nýir vegir í austursýslunnu. Á vissan hátt má segja að því landslagi verði hlíft með þverun fjarðarins. Enginn kostur góður.



4. Hugmyndir að þverun Vatnsfjarðar

Svör þátttakenda #5

Ef þú ert hlynnt(ur) þverun Vatnsfjarðar en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun (veglínu F), hvernig sæir þú þverun Vatnsfjarðar fyrir þér?

- ▶ Mér finnst vanta inn á myndirnar hvar sumarbústaðabyggð við flókalund og veglína F skerast til að geta metið betur veglínuna, en líst mjög vel á þverun vatnsfjarðar, með góðri brú sem getur annað sjávarföllum. 3D framsetning er mjög góð en það vantar forsendur á þessa myndir til að taka rétta afstöðu ásamt texta frá hvaða sjónarhorni er verið að horfa á þetta virkar fyrir þá sem eru kunnugir staðhátum, en er ábótavant fyrir þá sem eiga ekki leið hjá reglulega.
- ▶ Hlynntur.
- ▶ Ekki hlynntur.
- ▶ Þessi veglína er flott. Gerir Vatnsfjörð að enn skemmtilegri stað til að vera á ef að umferðin færist úr botni hans.
- ▶ Þverunin er fín en það væri hjálplegt að fá áætlaðan kostnað við þverun, við uppbyggingu vegar án þverunar og hversu mikla styttingu um ræðir!
- ▶ Líst mjög vel á þessa útfærslu.
- ▶ Aðeins innar, þannig að vegurinn komi á land innan við Flókalund.
- ▶ F2.
- ▶ Þessi nálgun er flott.
- ▶ Brúin þarf að vera miklu lengri. Stutt brú og og langar stíflur hefur of mikil áhrif á strauma og lífríki.
- ▶ Ég er hlynntur þverun vatnsfjarðar og tel að veglína F sé besti kosturinn að því gefnu að vegurinn heim að Flókalundi verði lagaður og ný tvíbreið brú verði gerð yfir Pennu til að tryggja örugga aðkomu að Hótel Flókalundi.
- ▶ Hlynntur línunni sem hefur verið sýnd.
- ▶ Áður en ég get tekið endanlega afstöðu til þverunar þarf ég að fá betri upplýsingar um áhrif þverunar á lífríkið. Ef til kæmi þverun Vatnsfjarðar ætti sú þverun að hafa sem minnst áhrif á lífríki fjarðarins og vatnasvið hans. Mögulega er eina raunhæfa lausnin til þess að byggja mun lengri brú en sýnd er í tillögunni. Almenn séð tel ég að of lítið sé vitað um áhrif þverana á lífríki fjarða. Og þar sem Vatnsfjörður er friðland ætti náttúrufar þar að njóta vafans.



4. Hugmyndir að þverun Vatnsfjarðar

Svör þátttakenda #6

Ef þú ert hlynnt(ur) þverun Vatnsfjarðar en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun (veglínu F), hvernig sæir þú þverun Vatnsfjarðar fyrir þér?

- ▷ Hlynnt línu F.
- ▷ Mjög sáttur við veglínu F.
- ▷ Aðeins innar, við Flókalund.
- ▷ Hlynntur.
- ▷ Þetta eru mjög fáir km sem þarna myndu græðast (eða sparast í akstri) í styttingu vegalengdar. Ég mæli frekar með að þið notið við núverandi vegstæði og lagfærið eða byggjið frekar upp ef þarf. Þetta er mjög mikið sjónlýti á náttúrunni þarna og raskar líka ungauppeldissvæði æðarfugls, sem er eitt það stærsta þarna á sunnanverðum Vestfjörðum. Þetta er friðað svæði og það er ekki að ástæðulausu því Vatnsfjörður er náttúruperla.
- ▷ Þessi veglína virkar bara vel.
- ▷ Óþarfi að þvera fjörðinn, það mun raska vatnafari, sem og útsýni til fjarðarins ... lagfæra núverandi veglínu, munar litlu í tíma en öllu hvað snertir upplifun landsins. Það er óþarfi að gera nýja vegi á Vestfjörðum, þá loksins menn tóku til við að nútímagera þá, að kappakstursbrautum sem miða að því einu að vera fljótur frá Reykjavík til Ísafjarðar ... ferð er ekki bara flótti heldur líka upplifun ...
- ▷ Tel að við ættum að forðast þverun Vatnsfjarðar.
- ▷ Fylgja þessari veglínu.
- ▷ Ég tel þverun Vatnsfjarðar ónauðsynlegt feigðarflan sem ekki hefur neinn tilgang annan en að skapa ófrið um veg sem er nauðsynlegt að komi og nokkrir kílómetrar til og frá skipta ekki öllu máli.
- ▷ Mjög hlynntur.
- ▷ Ekki þvera Vatnsfjörð. Náttúran njóti vafans.
- ▷ Ekki tímabært þarna er ágætis vegur um Vatnsfjörð, það er margir aðrir staðir sem liggur meira á að laga.



4. Hugmyndir að þverun Vatnsfjarðar

Svör þátttakenda #7

Ef þú ert hlynnt(ur) þverun Vatnsfjarðar en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun (veglínu F), hvernig sæir þú þverun Vatnsfjarðar fyrir þér?

- ▶ Góð staðsetning en brúarhaftið ætti að vera meira til að minnka áhrif á lífríki í firðinum.
- ▶ Mjög hlynntur.
- ▶ F2 besta útfærslan. Flókalundur í alfaraleið, þjónar bæði rekstraraðilum og vegfarendum. Algjör forsenda mín fyrir stuðningi þverunar er full vatnaskipti. Tryggt verður að vatnsskipti við þann hluta Vatnsfjarðar sem lendir innan við þverun verði jafn góð og áður. Útskolun verður hraðari með tilkomu þverana sem er líklegra til að hafa jákvæð áhrif á vatnsgæði.
- ▶ Þetta hefði mátt vera í fyrri þverunum, sérstaklega í Gilsfirði sem er stórt umhverfisslys. Treysti að það sé tryggt í Þorska/Djúpa/Gufufirði.
- ▶ Ég er ekki hlynntur þverun Vatnsfjarðar og tel að leggja eigi áherslu á að verið sé að koma inn í þjóðgarð og fylgja núverandi veglínu og varðveita strandsvæðið í Vatnsfirði.
- ▶ Held að þetta sé mjög skynsamlegt, ekki síst til að vernda innsta hlutann.
- ▶ Sé fyrir mér aukið umferðar öryggi.
- ▶ Austan við Pennu. Það er óþarfa umhverfisrask að fara vestur fyrir Pennuá með veglínu. En samt hægt að þvera Vatnsfjörð.
- ▶ Hún myndi stytta leiðina á milli Reykjavíkur og Vestfjarða og bæta samgöngur innan svæðisins gríðarlega.
- ▶ Andvígur þverunar Vatnsfjarðar. Fullkomnlega óþarfa framkvæmd sem skilar litlu.
- ▶ Þessi þverun á að gera strax í framhaldi vegar frá Dynjandisheiðar framkvæmdum enda er ekki vanþörf á að gera greiða og góða samgöngur vestra.
- ▶ Vatnsfjörður á alls ekki að þverast, nota núverandi leið sem þegar er röskuð, með þröngu vegsvæði, " Þingvallaaðferðin " Vatnsfjörður er okkar helgistaður, rétt eins og Þingvellir.
- ▶ Ég myndi sleppa þveruninni og bæta veginn sem fyrir er um Vatnsfjörð enda alveg ágætur vegur.
- ▶ Mjög líkt og á þessari mynd, þar sem maður og náttúra spila vel saman.




4. Hugmyndir að þverun Vatnsfjarðar

Svör þátttakenda #8

Ef þú ert hlynnt(ur) þverun Vatnsfjarðar en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun (veglínu F), hvernig sæir þú þverun Vatnsfjarðar fyrir þér?

- ▷ Þverunin verði eins lítil og hægt er og helst sem næst núverandi legu vegarins.
- ▷ Hún kæmi mjög vél út skemmir ekki fegurðs Vatnsfjarðar kemur til með að auka fugla líf þar minni ágangur vegna umferðar .
- ▷ S-laga beygjur mættu vera meira aflíðandi.
- ▷ Mjög hlynntur þverun Vatnsfjarðar.
- ▷ Hlynntur.
- ▷ Ekki þverun.





ENVALYS

Tjarnargata 4, 101 Reykjavík

envalys@envalys.is

www.envalys.is